



**Allsherjarþing**  
**Sameinuðu þjóðanna**

Dreifing:  
Almenn, 6.  
apríl 2022

Frummál: Enska

---

**Mannréttindaráð Sameinuðu þjóðanna**

**50. þing**

13. júní – 8. júlí 2022

Dagskrárliður nr. 6

**Reglubundin allsherjarúttekt**

**Skýrsla vinnuhóps um reglubundna allsherjarúttekt\***

**Ísland**

---

\* Viðaukanum er dreift án formlegrar ritstýringar og einungis á tungumáli framlagningar.



## Inngangur

1. Vinnuhópur um reglubundna allsherjarúttekt sem var stofnaður í samræmi við ályktun Mannréttindaráðs Sameinuðu þjóðanna nr. 5/1 hélt 40. fundarlotu sína frá 24. janúar til 11. febrúar 2022. Úttektin á Íslandi fór fram á þriðja fundinum hinn 25. janúar 2022. Katrín Jakobsdóttir forsætisráðherra fór fyrir sendinefndinni. Vinnuhópurinn samþykkti skýrsluna um Ísland á tíunda fundi sínum hinn 28. janúar 2022.
2. Hinn 12. janúar 2022 valdi Mannréttindaráðið eftirfarandi hóp þriggja skýrslugjafa til að annast úttektina gagnvart Íslandi: Argentínu, Finnland og Senegal.
3. Í samræmi við 15. mgr. viðaukans við ályktun Mannréttindaráðsins nr. 5/1 og 5. mgr. viðaukans við ályktun ráðsins nr. 16/21 voru eftirfarandi skjöl gefin út fyrir úttektina á Íslandi:
  - (a) Landsskýrsla lögð fram/skrifleg kynning gerð í samræmi við a-lið 15. mgr.<sup>1</sup>
  - (b) Samantekt unnin af Mannréttindastofnun Sameinuðu þjóðanna í samræmi við b-lið 15. mgr.<sup>2</sup>
  - (c) Útdráttur unninn af Mannréttindastofnuninni í samræmi við c-lið 15. mgr.<sup>3</sup>
4. Listi af spurningum sem útbúnar voru fyrir fram af hálfu Belgíu, Þýskalands, Liechtenstein, Panama, Slóveníu, Spánnar, Sameinaða konungsríkisins Stóra-Bretlands og Norður-Írlands og Úrúgvæ var sendur Íslandi fyrir milligöngu skýrslugjafanna þriggja. Spurningarnar eru aðgengilegar á vefsvæði reglubundnu allsherjarúttektarinnar.

## I. Yfirlit yfir málsmeðferð við úttektarferlið

### A. Kynning ríkisins sem úttekt tekur til

5. Sendinefnd Íslands, sem Katrín Jakobsdóttir forsætisráðherra fór fyrir, lýsti því yfir að efling og vernd mannréttinda væri forgangsmál í bæði innanríkis- og utanríkisstefnu landsins. Það væri brýnt í ljósi þeirra áskorana sem heimsfaraldur kórónaveiru (COVID-19), loftslagsváin og vaxandi þjóðernishyggja, kynþáttafordómar, umburðarleysi á grundvelli trúarbragða, fordómar gegn hinsegin fólki og hatursorðræða hefði í för með sér.
6. Stýrihópur Stjórnarráðsins um mannréttindi væri formlegur samráðsvettvangur allra ráðuneyta og við borgaralegt samfélag, m.a. ungmennaráð heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna. Innlegg þessara aðila hefði haft áhrif á efni landsskýrslunnar sem lagði áherslu á innleiðingu tilmæla frá síðustu úttekt og árangur sem náðst hefði, jafnframt því að svið þar sem úrbóta er þörf voru dregin fram.
7. Ísland fjallaði um hluta þeirra spurninga sem önnur ríki höfðu lagt fram.
8. Íslandi miðaði stöðugt áfram við að stofnavæða eflingu og virðingu fyrir mannréttindum. Það myndi tryggja að stofnun innlendra mannréttindastofnunar væri í fullu samræmi við meginreglurnar varðandi stöðu innlendra mannréttindastofnana til eflingar og verndar mannréttindum (Parísarviðmiðin). Mannréttindamál hefðu verið flutt frá dómsmálaráðuneytinu til forsætisráðuneytisins. Ísland ráðgerði að efla stýrihóp Stjórnarráðsins um mannréttindi til að þróa sterka og heildstæða innlenda stefnu um mannréttindi. Ísland hefði fullgilt valfrjálsa bókun við samninginn gegn pyndingum og annarri grimmilegri, ómannlegri og vanvirðandi meðferð eða refsingu, samning Evrópuráðsins um forvarnir og baráttu gegn ofbeldi á konum og heimilisofbeldi, samning UNESCO um bann við mismunun í menntakerfinu og samninga Sameinuðu þjóðanna um ríkisfangsleysi. Ferlið

<sup>1</sup> A/HRC/WG.6/40/ISL/1.

<sup>2</sup> A/HRC/WG.6/40/ISL/2.

<sup>3</sup> A/HRC/WG.6/40/ISL/3.

fyrir fullgildingu alþjóðasamningsins um vernd allra manna gegn mannhvörfum af mannavöldum væri hafið.

9. Aukning jafnréttis og bann við mismunun væri áfram forgangsverkefni. Ísland hafi verið efst á lista Alþjóðaeftirvaktarráðsins yfir jafnrétti kynjanna frá árinu 2009 og héldi áfram sókn sinni á þessu sviði á grundvelli sérstakrar aðgerðaáætlunar stjórnvalda. Ísland hefði árið 2018 verið fyrsta landið í heiminum til þess að lögfesta skyldu atvinnurekenda til að öðlast jafnlaunavottun, sem tryggji jöfn laun fyrir jafnverðmæt störf. Ísland hafi árið 2020 innleitt nýja heildarlöggjöf um jafnrétti kynjanna sem innihéldi í fyrsta skipti ákvæði um fjölþætta mismunun. Hafi það aukið réttarvernd jaðarsettustu einstaklinganna, þ. á m. kvenna af erlendum uppruna og fatlaðra kvenna. Ísland hafi náð umtalsverðum árangri í að auka réttindi hinsegin fólks. Ný lög um kynrænt sjálfræði hafi verið samþykkt árið 2019 sem veiti einstaklingum fullan rétt til að skilgreina kyn sitt og banni ónaúðsynlegar skurðaðgerðir á börnum með ódæmigerð kyneinkenni (intersex). Breytingar hafi verið gerðar á barnalögum varðandi foreldravíðurkenningu trans fólks og fólks með hlutlausu kynskráningu í verndar- og virðingarskyni við allt fjölskyldumynstur. Ísland hafi fyrir árið 2022 tvöfaldað framlög sín til Hnattræna jafnréttissjóðsins (Global Equality Fund) og skuldbundið sig til að veita framlög til frelsis- og jafnréttisherferðar Sameinuðu þjóðanna (UN Free & Equal) næstu þrjú ár. Ísland myndi berjast staðfastlega gegn kynþáttafordómum, útlendingahatri og öðrum tegundum mismununar. Alþingi hafi árið 2018 samþykkt lög um jafna meðferð á vinnumarkaði og lög um jafna meðferð óháð kynþætti og þjóðernisuppruna. Lagt hefði verið fram á Alþingi víðtækt frumvarp um bann við mismunun þar sem krafist væri jafnrar meðferðar einstaklinga á öllum sviðum samfélagsins og bann lagt við allri og hvers kyns mismunun á grundvelli kynþátta, þjóðernisuppruna, trúar, lífsskoðunar, fötlunar, aldurs, kynhneigðar, kynvitundar og -tjáningar og kyneinkenna. Aukin áhersla hefði verið lögð á baráttu gegn hatursorðræðu og hatursglæpum, m.a. með víðtækri vitundarvakningu. Frumvarp til breytinga á almennum hegningarlögum yrði lagt fram á Íslandi á næstu mánuðum sem innihéldi ákvæði um hatursorðræðu. Frumvarpið myndi einnig veita fleiri hópum vernd gagnvart hatursorðræðu, m.a. fötluðu fólki og intersex fólki, auk verndar á grundvelli þjóðernislegs uppruna.

10. Ísland hefði skuldbundið sig til þess að auka frekar réttindi fatlaðs fólks. Breytingar hefðu verið gerðar til þess að innleiða samninginn um réttindi fatlaðs fólks í íslenskan rétt. Lög um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir hefðu að markmiði að veita fötluðum einstaklingum þann stuðning sem þeir þyrftu á að halda til þess að geta lifað sjálfstæðu lífi á eigin forsendum og notið mannréttinda sinna að fullu til jafns við aðra í samfélaginu.

11. Ísland legði mikla áherslu á réttindi barna. Ný stefna og aðgerðaáætlun um Barnvænt Ísland hefði verið samþykkt um mitt ár 2021. Markmið hennar væri að tryggja víðtæka innleiðingu á samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins, þ. á m. með því að efla þátttöku barna, með gerð hagsmunamats um áhrif ákvarðana á börn, barnvænni fjárlagagerð, aukinni gagnasöfnun og fræðslu um réttindi barna á öllum skólastigum og í samfélaginu. Frá síðustu reglubundnu allsherjarúttekt hefði Ísland ráðist í umfangsmikla endurskoðun á lögum og stefnum um þjónustu við börn sem hefði m.a. falist í samþykkt nýrra laga um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna. Ísland ráðgerði einnig að móta heildstæða stefnu í málefnum barna.

12. Ísland hefði styrkt fyrirbyggjandi kerfi í þeim tilgangi að berjast gegn kynbundnu og kynferðislegu ofbeldi. Það hefði m.a. falist í stefnum um forvarnir og vitundarvakningu og nýjum ákvæðum í almennum hegningarlögum til að taka á kynbundnu ofbeldi á netinu. Ísland hafi gert talsvert til að tryggja hraðari og vandaðri rannsóknir og saksóknir í málum sem varða kynbundið ofbeldi, kynferðisofbeldi og mansalsmál með auknu fjármagni og þjálfun fyrir lögreglu og saksóknara. Ísland hefði lágmarkað samfélagsleg áhrif vegna COVID-19 sóttkvíarráðstafana, m.a. til þess að draga úr hættu á kynbundnu ofbeldi og öðrum mannréttindabrotum. Barátta gegn mansali væri forgangsmál. Stefna ríkisstjórnarinnar hefði árið 2019 verið sett fram í innlendri aðgerðaáætlun gegn mansali og öðrum tegundum misnotkunar. Ísland hefði komið á auknu samstarfi og samráði þvert á stjórnsýsluna og við lögregluna. Ísland hefði einsett sér að vernda réttindi farandfólks, umsækjenda um alþjóðlega vernd og flóttamanna. Ríkisstjórnin væri að ljúka við gerð nýrrar aðgerðaáætlunar og langtímastefnu í málefnum innflytjenda til að stuðla að inngildu samfélagi sem reist væri á meginreglum um jafnræði, réttlæti og virðingu fyrir mannréttindum allra einstaklinga.



13. Loks var það niðurstaða Íslands að framþróun mannréttinda væri viðvarandi verkefni þar sem nýjar áskoranir væru til staðar. Þar á meðal væri barátta gegn loftslagsbreytingum algert forgangsmál.

## B. Jafningjarýni og svör ríkisins sem úttektin tekur til

14. Á meðan á jafningjarýni stóð fluttu sendinefndir 89 ríkja yfirlýsingar. Þau tilmæli sem gerð voru á meðan á rýninni stóð er að finna í II. hluta þessarar skýrslu.

15. Úrúgvæ fagnaði viðleitni sem Ísland hefur sýnt, þ. á m. fullgildingu á valfrjálsri bókun við samninginn gegn pyndingum og annarri grimmilegri, ómannlegri og vanvirðandi meðferð eða refsingu.

16. Úsbekistan veitti því eftirtekt að frá öðru úttektartímabilinu hefði Ísland gert nokkrar innlendar lagabreytingar og stjórnáráðstafanir til að efla og vernda mannréttindi á Íslandi.

17. Bólívarska lýðveldið Venesúela undirstrikaði mikilvægi fullgildingar samningsins um réttindi fatlaðs fólks. Ríkið lýsti áhyggjum af aukningu á kynþáttafordómfullri umræðu og miklum fjölda brota og tíðni kynferðisofbeldis.

18. Víetnam lýsti ánægju með strangar kröfur til mannréttinda á Íslandi og enn fremur ánægju með aðild Íslands að fjölda mikilvægra mannréttindasamninga.

19. Afganistan lofaði Ísland fyrir viðleitni í þágu jafnréttis, réttlætis og ábyrgðarskyldu og fyrir að hafa fullgilt samninginn um réttindi fatlaðs fólks. Ríkið lýsti áframhaldandi áhyggjum af háu hlutfalli farandbarna sem falla brott úr námi um leið og skólaskyldu lýkur.

20. Albanía hvatti Ísland til að hraða stofnun sjálfstæðrar innlendar mannréttindastofnunar í samræmi við Parísarviðmiðin. Ríkið fagnaði nýjum lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna og fullgildingu samnings Evrópuráðsins um forvarnir og baráttu gegn ofbeldi á konum og heimilisofbeldi.

21. Alsír lét í ljós ánægju með nýlega fullgildingu samningsins um réttarstöðu ríkisfangslausra einstaklinga og samnings um réttindi fatlaðs fólks.

22. Argentína fagnaði viðleitni til að fylgja eftir tilmælunum frá fyrra úttektartímabili.

23. Armenía fagnaði árangri við innleiðingu tilmæla frá fyrri reglubundinni allsherjarúttekt og aðild Íslands að samningum Sameinuðu þjóðanna um ríkisfangsleysi. Ríkið hvatti Ísland til að ljúka vinnu við fullgildingu alþjóðasamningsins um vernd allra manna gegn mannhvörfum af mannavöldum.

24. Ástralía lofaði sterka mannréttindastöðu Íslands, einkum fyrir leiðandi hlutverk þess á heimsvísu við að draga úr kynjaójöfnuði. Ríkið fagnaði áformum um útvíkkun laga gegn mismunun og skuldbindingu um að koma á fót nýrri mannréttindastofnun.

25. Aserbaísjan veitti athygli ráðstöfunum gegn mismunun en lýsti áhyggjum af aukningu á hatursorðræðu, einkum gegn tilteknum trúarhópum, og af atvinnuleysi meðal farandfólks.

26. Tilmæli voru gerð af hálfu Barein.

27. Bangladess lét í ljós áhyggjur vegna hás hlutfalls losunar koltvísýrings miðað við höfðatölu og ójöfnuði sem farandfólk upplifði í tengslum við aðgang að grunnþjónustu, þ. á m. húsnæði, menntun og heilsugæslu, sem og varðandi atvinnutækifæri.

28. Barbados lofaði jákvæðar ráðstafanir sem Ísland hefði tekið til að auka mannréttindavernd og viðurkenningu þess á því að svigrúm væri til úrbóta vegna nýrra áskorana.

29. Belarús lýsti áhyggjum vegna kerfistengdra mannréttindavandamála, þ. á m. litlum samskiptum Íslands við sérstaka skýrslugjafa.

30. Belgía hrósaði Íslandi fyrir árangur sem náðst hefði frá fyrra úttektartímabili.
31. Brasilía hvatti Ísland til að gera ráðstafanir til að tryggja skilvirka framkvæmd gildandi lagaákvæða sem banna mismunun á grundvelli kynþáttar, greiða fyrir virkum aðgangi að réttarkerfinu og veita öllum þolendum kynþáttamismununar viðeigandi úrbætur. Ríkið fagnaði aðild Íslands að samningnum um réttindi fatlaðs fólks og valfrjálsri bókun við samninginn gegn pyndingum og annarri grimmilegri, ómannlegri og vanvirðandi meðferð eða refsingu, en kallaði jafnframt eftir fullgildingu alþjóðasamningsins um vernd allra manna gegn mannhvörfum af mannavöldum.
32. Búlgaría fagnaði viðleitni til að berjast gegn stafrænu ofbeldi gegn börnum og ungu fólki. Ríkið veitti athygli áherslu Íslands á jafna hlutdeild kvenna og karla í háttsettum stöðum.
33. Kanada fagnaði framúrskarandi frammistöðu Íslands á lista Alþjóðaeftahagsráðsins yfir jafnrétti kynjanna og hvatti til þess að viðleitni til að útrýma launamun kynjanna fyrir lok ársins 2022 yrði haldið áfram.
34. Chile fagnaði fullgildingu Íslands á valfrjálsri bókun við samninginn gegn pyndingum og annarri grimmilegri, ómannlegri og vanvirðandi meðferð eða refsingu.
35. Kína veitti athygli að framfarir hefðu orðið á sviði mannréttinda en lýsti áhyggjum vegna áframhaldandi mismununar gagnvart faramfólki og þjóðernisminnihlutum, auknu ofbeldi gegn konum, mansali, og að réttindi kvenna, barna, eldra fólks og fatlaðs fólks væru ekki tryggð.
36. Kosta Ríka skírskotaði til þess að sett hefðu verið lög gegn mismunun og fagnaði fullgildingu valfrjálsrar bókunar við samninginn gegn pyndingum og annarri grimmilegri, ómannlegri og vanvirðandi meðferð eða refsingu.
37. Króatía lofaði ráðstafanir sem komið var á með lögum um jafna meðferð á vinnumarkaði og gagngerar formlegar rannsóknir í baráttunni gegn mansali.
38. Kúba fagnaði setningu laga um jafnrétti kynjanna og aðgerðaáætlun stjórnvalda í tengslum við lögin.
39. Kýpur lofaði viðleitni Íslands frá úttektartímabili síðustu reglubundnu allsherjarúttektar, einkum fullgildingu mannréttindasamninga, þ. á m. valfrjálsrar bókunar við samninginn gegn pyndingum og annarri grimmilegri, ómannlegri og vanvirðandi meðferð eða refsingu og samnings Evrópuráðsins um forvarnir og baráttu gegn ofbeldi á konum og heimilisofbeldi.
40. Lýðveldið Kórea lýsti áhyggjum vegna áframhaldandi hatursorðræðu og hatursglæpa og mansals á konum og stúlkum í tengslum við kynferðislega misnotkun eða misnotkun á vinnuafli.
41. Danmörk lofaði fullgildingu Íslands á valfrjálsri bókun við samninginn gegn pyndingum og annarri grimmilegri, ómannlegri og vanvirðandi meðferð eða refsingu og fagnaði staðfestu Íslands varðandi stofnun innlendrar mannréttindastofnunar. Ríkið hefði áfram áhyggjur vegna áframhaldandi fjölgunar skráðra tilkynninga um kynferðislegt og kynbundið ofbeldi, einkum gegn konum og stúlkum, og ófullnægjandi fjölbreytni í fjölmiðlaumhverfinu.
42. Djíbútí fagnaði ráðstöfunum sem Ísland hefði gert til að fylgja eftir tilmælum fyrri reglubundinnar allsherjarúttektar sem fólu m.a. í sér tilmæli um fullgildingu, auk viðleitni þess til að berjast gegn kynbundnu ofbeldi, einkum aðgerðaáætlun til ársins 2022 um ráðstafanir til að berjast gegn slíku ofbeldi.
43. Dóminíska Lýðveldið hvatti Ísland til þess að halda áfram viðleitni til að styrkja laga- og stofnanarammann til verndar mannréttindum.
44. Ekvador vakti athygli á samþykkt víðtækrar löggjafar um kynjajafnrétti, aðgerðaáætlun gegn mansali, og aðlögun útlendinga.
45. Tilmæli voru gerð af hálfu Egyptalands.

46. Eistland fagnaði fullgildingu Íslands á samningi Evrópuráðsins um forvarnir og baráttu gegn ofbeldi á konum og heimilisofbeldi, innleiðingu tilmæla sem Eistland hafði lagt fram á fyrra úttektartímabili og áframhaldandi viðleitni í kynjatengdum málefnum. Ríkið lofaði Ísland fyrir árangur við eflingu kynjajafnréttis og forvarnir gegn ofbeldi gegn fötluðu fólki, einkum konum og stúlkum.
47. Fíji lofaði áherslu Íslands á baráttu gegn loftslagsbreytingum vegna markmiðsins samkvæmt endurskoðaðri aðgerðaáætlun í loftslagsmálum um kolefnishlutleysi fyrir árið 2040, ásamt auknum framlögum til Græna loftslagssjóðsins.
48. Ísland ítrekaði skuldbindingu sína um að stofna öfluga og skilvirka innlenda mannréttindastofnun í fullu samræmi við Parísarviðmiðin og að koma heimsmarkmiðum um sjálfbæra þróun í framkvæmd.
49. Aðgerðaáætlun stjórnvalda um kynjajafnrétti hefði verið samþykkt árið 2019 (með gildistíma frá 2020 til 2023) og ný víðtæk löggjöf um kynjajafnrétti hefði tekið gildi. Lög um jafna stöðu og rétt kynjanna vísuðu í fyrsta skipti til fólks sem hvorki auðkennir sig sem karl eða konu.
50. Íslensk stjórnvöld hefðu sett í forgang ráðstafanir þar sem reynt væri að greiða fyrir samþættingu fjölskyldulífs og vinnu og réttur til foreldraorlofs hefði verið lengdur í 12 mánuði og honum skipt jafnt milli foreldra.
51. Ný víðtæk löggjöf um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna hefðu tekið gildi árið 2021 í því skyni að tryggja betur vernd jaðarsettustu einstaklinganna, þ. á m. kvenna af erlendum uppruna og fatlaðra kvenna.
52. Aðgerðaáætlun um meðferð kynferðisbrota innan réttarkerfisins hefði verið samþykkt árið 2017 og stýriningd sett á laggirnar. Breytingar hefðu verið gerðar á almennum hegningarlögum til að efla vernd gegn kynferðisofbeldi og árið 2018 hefðu verið gerðar breytingar á skilgreiningunni á nauðgun til að auka réttarvernd þolenda. Sérstök áhersla hefði verið lögð á að bæta réttarkerfið. Vinna stæði yfir til að tryggja samþætt ferli þegar þolendur heimilisofbeldis leituðu eftir heilbrigðisþjónustu og annarri þjónustu. Árið 2021 hefðu verið gerðar breytingar á almennum hegningarlögum til að auka enn fremur lagalega vernd þolenda mansals og auðvelda saksókn á hendur gerendum. Árið 2019 hefði verið opnuð upplýsingagátt um mansal hjá Neyðarlínunni.
53. Finnland þakkaði Íslandi fyrir forystu við eflingu mannréttinda á heimsvísu og heima fyrir og lýsti velþóknun á nýrri áætlun um að taka samninginn um réttindi fatlaðs fólks upp í landsrétt.
54. Frakkland fagnaði fullgildingu samnings Evrópuráðsins um forvarnir og baráttu gegn ofbeldi á konum og heimilisofbeldi og valfrjálsrar bókunar við samninginn gegn pyndingum og annarri grimmilegri, ómannlegri og vanvirðandi meðferð eða refsingu.
55. Georgía fagnaði fullgildingu ýmissa alþjóðlegra mannréttindasamninga, uppfærðri aðgerðaáætlun gegn mansali og stofnun vinnuhóps um að koma á fót sjálfstæðri innlendra mannréttindastofnun.
56. Þýskaland lofaði jákvætt ástand mannréttinda á Íslandi, viðleitni þess til að stuðla að banni við mismunun á grundvelli kynhneigðar og kynvitundar og ákvörðun um aðild að samningnum um að draga úr ríkisfangsleysi.
57. Grikkland lofaði áframhaldandi viðleitni af hálfu Íslands til að efla mannréttindi, einkum jafnrétti kynjanna, heima fyrir og á alþjóðlegum vettvangi.
58. Haití lofaði Ísland fyrir ráðstafanir gerðar frá síðustu úttekt, einkum fullgildingu alþjóðlegra gerninga, hærra hlutfalli til opinberrar þróunaraðstoðar og fyrir samstarf við sérfræðinganeindir vegna eftirlits með samningum. Ríkið hvatti Ísland til að halda áfram viðleitni til að fyrirbyggja og berjast gegn ofbeldi og styrkja verndarþjónustu við viðkvæma hópa, einkum börn og farandfólk.
59. Indland lofaði Ísland fyrir skilvirkar ráðstafanir vegna aðstæðna í COVID-19-heimsfaraldrinum, einkum stuðning við viðkvæma hópa til að tryggja aðgengi

að nauðsynlegri heilbrigðisþjónustu. Ríkið lofaði einnig aðgerðir í þágu kynjajafnréttis og til að berjast gegn kynbundnu ofbeldi.

60. Indónesía lofaði viðleitni Íslands til þess að sporna við mismunun, kynþáttafordómum og hatursorðræðu, og baráttu gegn villandi og röngum upplýsingum í tengslum við heimsfaraldurinn.

61. Íslamska lýðveldið Íran lét í ljós áhyggjur af aukningu á kynþáttafordómafullri umræðu og kerfisbundinni misnotkun á farandlaunþegum á Íslandi.

62. Írak fagnaði fullgildingu sammingsins um réttindi fatlaðs fólks.

63. Írland fagnaði árangri sem náðst hefði frá síðasta úttektartímabili. Ríkið lofaði setningu nýrra laga og stefna um baráttu gegn kynferðislegu og kynbundnu ofbeldi og bættri réttindavernd transfólks og fólks með hlutlausa kynskráningu.

64. Ítalía lofaði ráðstafanir sem Ísland hefði gert frá síðustu úttekt, einkum fullgildingu sammings Evrópuráðsins um forvarnir og baráttu gegn ofbeldi á konum og heimilisofbeldi og valfrjálstrar bókunar við samninginn gegn pyndingum og annarri grimmilegri, ómannlegri og vanvirðandi meðferð eða refsingu. Ríkið lofaði Ísland fyrir ráðstafanir sem voru gerðar til að efla réttindi hinsegin fólks og auka vernd tjáningarfrelsis, fjölmiðlafrelsis og upplýsingafrelsis.

65. Japan fagnaði jákvæðum ráðstöfunum frá fyrra úttektartímabili, þ. á m. fullgildingu sammingsins um réttindi fatlaðs fólks. Ríkið lofaði Ísland fyrir að efla forvarnir gegn ofbeldi gegn börnum og ungu fólki, þ. á m. samþykkt aðgerðaáætlunar um að fyrirbyggja kynferðislegt og kynbundið ofbeldi og áreitni (sem stendur yfir frá 2021 til 2025).

66. Tilmæli voru gerð af hálfu Jórdaníu.

67. Líbanon fagnaði viðleitni til að berjast gegn kynþáttafordómum og hatursorðræðu.

68. Tilmæli voru gerð af hálfu Líbíu.

69. Litáen lofaði Ísland fyrir að hafa sett mannréttindi á oddinn í stefnu sinni innanlands og á alþjóðlega visu.

70. Lúxemborg hrósaði Íslandi fyrir fullgildingu á valfrjálstri bókun við samninginn gegn pyndingum og annarri grimmilegri, ómannlegri og vanvirðandi meðferð eða refsingu.

71. Malasía lofaði árangur sem Ísland hefði náð við innleiðingu tilmæla frá fyrra tímabili. Ríkið fagnaði viðleitni til að auka kynjajafnrétti með samþykkt aðgerðaáætlunar um kynjajafnrétti og veitti athygli samþykkt aðgerðaáætlunar um að fyrirbyggja kynferðislegt og kynbundið ofbeldi.

72. Maldívur veittu jákvæða athygli þeirri skuldbindingu Íslands að ná kolefnishlutleysi fyrir árið 2040 og minnka losun gróðurhúsalofttegunda um 40 prósent fyrir 2030 samkvæmt Parísarsamningnum.

73. Malta hrósaði Íslandi fyrir fullgildingu valfrjálstrar bókunar við samninginn gegn pyndingum og annarri grimmilegri, ómannlegri og vanvirðandi meðferð eða refsingu og sammings Evrópuráðsins um forvarnir og baráttu gegn ofbeldi á konum og heimilisofbeldi.

74. Marshall-eyjar fögnuðu fullgildingu helstu mannréttindasamninga, einkum sammings Evrópuráðsins um forvarnir og baráttu gegn ofbeldi á konum og heimilisofbeldi.

75. Míritíus gerði góðan róm að viðleitni Íslands til að veita nemendum með sérþarfir snemmbæran stuðning.

76. Mexíkó skírskotaði til framfara Íslands á sviði kynjajafnréttis, einkum launajafnréttis, og lýsti ánægju með fullgildingu á valfrjálstri bókun við samninginn gegn pyndingum og annarri grimmilegri, ómannlegri og vanvirðandi meðferð eða refsingu.



77. Mongólía lofaði þátttöku Íslands í ferlinu fyrir reglubundnu allsherjarúttektina.
78. Svartfjallaland lofaði skuldbindingu Íslands um eflingu og vernd mannréttinda heima fyrir og á alþjóðlegum vettvangi. Ríkið lagði áherslu á að með samþykkt laga um jafnlaunavottun hefði Ísland tekið forystu í baráttu gegn launaójöfnuði á grundvelli kynferðis.
79. Namibía lofaði Ísland fyrir að tryggja jafnrétti kynjanna, einkum samþykkt aðgerðaáætlunar um kynjajafnrétti 2020–2023.
80. Nepal lofaði samþykkt aðgerðaáætlunar um kynjajafnrétti 2020–2023, setningu nýrrar viðtækrar löggjafar um kynjajafnrétti og viðleitni til að útrýma kynbundnum launamun.
81. Holland lofaði Ísland fyrir fullgildingu sammings Evrópuráðsins um forvarnir og baráttu gegn ofbeldi á konum og heimilisofbeldi, setningu tveggja laga gegn mismunun, einstöku jafnlaunakerfi og fyrir að hefja ferlið fyrir stofnun innlendrar mannréttindastofnunar. Ríkið lét í ljós áhyggjur af tilfellum um kynbundið og kynferðislegt ofbeldi.
82. Ísland útskýrði að ýmsar ráðstafanir í þágu fatlaðs fólks hefðu verið innleiddar, á grundvelli aðgerðaáætlunar frá 2017, sem m.a. vörðuðu aðgengi, atvinnumál, heilsugæslu, menntun og sjálfstætt líf. Einnig hefði verið reynt að draga úr hættu á vanvirðandi meðferð á fötluðu fólki og öðrum viðkvæmum hópum, m.a. með breytingum á lögum um réttindi sjúklinga.
83. Stýrihópur Stjórnarráðsins í málefnum barna hefði verið settur á laggirnar árið 2019 til þess að auka samvinnu innan stjórnkerfisins og málefnasvið félagsmálaráðherra hefði verið víkkað út og hann bæri nú titilinn félags- og barnamálaráðherra. Árið 2021 hefðu ný lög um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna verið samþykkt til að veita börnum og fjölskyldum þeirra viðeigandi stuðning, með sérstakri áherslu á snemmbæran stuðning sem væri barni fyrir bestu. Verið væri að stofna nýtt mennta- og barnamálaráðuneyti og stefnu- og aðgerðaáætlun um Barnvænt Ísland hefði verið samþykkt árið 2021. Áætlun um að fyrirbyggja kynferðislegt og kynbundið ofbeldi og áreitni gagnvart börnum hefði verið samþykkt árið 2020.
84. Ísland hefði samþykkt nýja heildstæða innlenda menntastefnu árið 2021 með það að markmiði að vernda og efla menntakerfið.
85. Áhersla stjórnvalda hefði verið á að stytta málsmeðferðartíma umsókna um alþjóðlega vernd en gæta á sama tíma réttarins til réttlátrar málsmeðferðar. Ísland hefði gert mikilvægar ráðstafanir í þá átt að skapa samfélag sem tæki vel á móti fólki og tryggja samþætta nálgun við inngildingu. Ný og samþætt nálgun við móttöku flóttamanna og inngildingu hefði verið samþykkt með það að markmiði að tryggja hraðari og betri aðlögun að samfélaginu. Skýrt var frá því að félagsmálaráðherra myndi leggja fram þingsályktun með þriggja ára aðgerðaáætlun sem reist væri á fimm stöðum – félagslegri þátttöku, fjölskyldu, menntun, vinnumarkaði og flóttamönnum – og að á næstu árum yrði heildstæð innflytjendastefna mótuð með áherslu á virka aðkomu innflytjendahópa á öllum sviðum samfélagsins.
86. Ráðstafanir hefðu verið gerðar til að auka jafnræði innan heilbrigðiskerfisins, t.d. með því að breyta greiðsluþátttökukerfi vegna lyfja og heilbrigðisþjónustu, og með aukinni kostnaðarþátttöku í tannlækningum barna, eldra fólks og fatlaðs fólks.
87. Árið 2019 hefði verið sett upp geðheilbrigðisteymi fyrir fanga til að styrkja þjónustu tengda geðheilbrigði í fangelsum og tryggja samfellu slíkrar þjónustu fyrir afplánunarfanga. Sérstök áhersla hefði verið lögð á stuðning við þá sem hefðu orðið fyrir neikvæðustu áhrifunum og sérstakt viðbragðsteymi verið stofnað.
88. Aukinn fjárstuðningur hefði verið veittur til borgaralegra samtaka til að auka þjónustu þeirra við viðkvæma hópa, og tímabundnar ráðstafanir gerðar til að vinna gegn atvinnuleysi á meðan COVID-19 heimsfaraldurinn stóð yfir, t.d. með því að rýmka réttinn til atvinnuleysisbóta. Ísland hefði frá upphafi heimsfaraldursins nálgast

grundvallarréttinn til menntunar af mikilli skyldurækni og því hefði tekist að halda leikskólum og skólaskyldustiginu opnu með einungis litlum takmörkunum.

89. Nýja-Sjáland fagnaði árangri á sviði kynjajafnréttis og hvað varðar mismunun á grundvelli kynhneigðar og kynvitundar og stofnun hjálparlínu fyrir tilkynningar um mansal.

90. Níger veitti athygli miklum árangri í innleiðingu tilmæla frá fyrra úttektartímabili, lagalegum og pólitískum ráðstöfunum sem gerðar hefðu verið til að vernda flóttamenn, farandfólk, eldra fólk og fatlað fólk og löggjöf um launajafnrétti kynjanna.

91. Nígería lofaði Ísland fyrir samvinnu við mannréttindakerfin og viðleitni til að innleiða fyrri tilmæli. Ríkið veitti athygli framtaksverkefni með heitið „Áherslur stjórnvalda í aðgerðum gegn mansali og annars konar hagnýtingu“.

92. Pakistan fagnaði setningu laga um jafna meðferð á vinnumarkaði árið 2018 og kallaði jafnframt eftir ráðstöfunum til að berjast gegn mismunun á öllum sviðum lífsins. Ríkið lýsti áhyggjum vegna aukningar á kynþáttahatri og hatursorðræðu, einkum gegn þjóðernis- og trúarhópum og fólki sem er íslamstrúar og útbreiðslu hugmynda um yfirburði tiltekinna kynþátta í herferðum stjórnmalaflokka.

93. Tilmæli voru gerð af hálfu Panama.

94. Perú veitti athygli árangri sem náðst hefði, t.d. með lögum um jafna meðferð óháð kynþætti og þjóðernisuppruna.

95. Filippseyjar viðurkenndu viðleitni Íslands til að auka kynjajafnrétti en lýstu áhyggjum af upplýsingum um aukningu á kynþáttafordómafullri umræðu og hvatningu til kynþáttahaturs í fjölmörgum.

96. Pólland ítrekaði stuðning sinn við að festa í sessi meginregluna um jöfn laun kynjanna fyrir jafnverðmæt störf með viðeigandi löggjöf og launagagnsæi. Ríkið fagnaði því að ferlið fyrir gerð innlendrar aðgerðaáætlunar um viðskipti og mannréttindi væri hafð.

97. Portúgal samfagnaði fullgildingu Íslands á valfrjálsri bókun við samninginn gegn pyndingum og annarri grimmilegri, ómannlegri og vanvirðandi meðferð eða refsingu og því að settur hefði verið upp vinnuhópur til að stofna innlenda mannréttindastofnun.

98. Katar lýsti velþóknun á ráðstöfunum Íslands til að innleiða tilmælin sem samþykkt voru á fyrra úttektartímabili, þ. á m. aðild að mannréttindasamningum og breytingum á innlendri löggjöf.

99. Rússneska sambandsríkið veitti athygli takmörkuðum árangri Íslands við að fylgja eftir tilmælum frá fyrri reglubundnu allsherjarúttekt, þ. á m. varðandi stofnun innlendrar mannréttindastofnunar. Ríkið lét í ljós áhyggjur vegna aukningar á kynþáttafordómafullri umræðu.

100. Senegal fagnaði viðleitni Íslands í baráttu gegn kynþáttafordómum og hatursorðræðu.

101. Serbía veitti athygli eindreginni skuldbindingu Íslands við allsherjarúttektarferlið og lofaði ráðstafanir sem voru gerðar til að bregðast við tilmælum vegna reglubundinnar allsherjarúttektar.

102. Slóvakía lofaði Ísland fyrir jákvæðar ráðstafanir sem það hefði gert, einkum til að berjast gegn kynferðisofbeldi, draga úr launamun kynjanna og setja á fót stýrihóp Stjórnarráðsins um mannréttindi.

103. Slóvenía fagnaði fyrstu skrefum í átt að stofnun innlendrar mannréttindastofnunar og samþykkt innlendrar aðgerðaáætlunar um réttindi barnsins.

104. Spánn veitti athygli að jafnvel þótt Ísland hefði öflugan kynjajafnréttislöggjöf væri mismunur fyrir hendi að því er varðaði konur og stúlkur í hópi farandfólks.

105. Palestína fagnaði viðleitni til að draga úr háu hlutfalli atvinnuleysis meðal fólks sem tilheyrir þjóðernisminnihlutum, m.a. með framkvæmd laga um jafna meðferð á vinnumarkaði.

106. Tilmæli voru gerð af hálfu Sírlenska arabalýðveldisins.
107. Taíland fagnaði framförum sem Ísland hefði náð á sviði mannréttinda. Ríkið gerði góðan róm að viðleitni Íslands til að halda til streitu réttindum kvenna og kynjajafnrétti, t.d. með aðgerðaáætlun um að fyrirbyggja kynferðislegt og kynbundið ofbeldi og um kynjajafnrétti.
108. Tímor-Leste lofaði Ísland fyrir samþykkt aðgerðaáætlunar um kynjajafnrétti og aðgerðaáætlunar um ráðstafanir til að berjast gegn ofbeldi.
109. Tógó fagnaði árangri sem Ísland hefði náð frá síðustu reglubundnu allsherjarúttekt, einkum fullgildingu ýmissa mannréttindasamninga Sameinuðu þjóðanna og Evrópuráðsins.
110. Túnis fagnaði fullgildingu ýmissa mannréttindagerninga og lofaði ráðstafanir sem hefðu verið gerðar til að berjast gegn mansali og styðja kynjajafnrétti, vernda börn og aðlaga farandfólk að samfélaginu.
111. Tyrkland lofaði víðtæka þátttöku Íslands í ýmsum mannréttindakerfum Sameinuðu þjóðanna og nálgun varðandi réttindi kvenna, einkum hvað varðar launastaðla. Tyrkland lýsti áframhaldandi áhyggjum af aukningu á kynþáttafordómfullri umræðu og vinnuaðstæðum farandlaunþega.
112. Úkraína fagnaði árangri sem náðst hefði frá fyrra úttektartímabili, fullgildingu alþjóðlegra mannréttindasamninga, lögnum um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna og vinnu sem hefði verið lögð í víðtæka löggjöf gegn mismunun.
113. Sameinaða konungsríkið Stóra-Bretland og Norður-Írland lofaði Ísland fyrir að vera í efsta sæti á lista Alþjóðæfnahagsráðsins yfir jafnrétti kynjanna árið 2021 og samþykkja tvenn lög um kynrænt sjálfræði. Ríkið fagnaði stuðningi Íslands við frelsi fjölmiðla og baráttu gegn þrælalaldi, t.d. með nýjum lögum gegn þrælalaldi árið 2021.
114. Tansanía lofaði Ísland fyrir að hafa ákveðið að tileinka hlutfall af þjóðartekjum til þróunaraðstoðar og auka fjárframlög til menntunar.
115. Bandaríkin lofuðu Ísland fyrir langvarandi skuldbindingu gagnvart vernd og eflingu mannréttinda og grundvallarréttinda.
116. Ísland útskýrði að ýmsar lagabreytingar hefðu verið gerðar til að auka tjáningarfrelsi, frelsi fjölmiðla og upplýsingafrelsi, m.a. með nýjum lögum um vernd uppljóstrara árið 2020 og lögum sem styrkja upplýsingarétt almennings árið 2019.
117. Ísland nefndi að aðgerðaáætlun um ráðstafanir gegn ofbeldi fyrir tímabilið 2019–2022 hefði verið samþykkt og frumvarp yrði lagt fram á Alþingi til breytinga á hegningarlögum til að bæta við ákvæði um hatursglæpi.
118. Ísland ítrekaði að lög um kynrænt sjálfræði sem voru samþykkt árið 2019 hafi styrkt réttindi transfólks og intersex fólks og veitt einstaklingum rétt til að skilgreina eigið kyn, og einstaklingum eldri en 15 ára rétt til að skrá kyn sitt í samræmi við eigin greiningu.
119. Fyrsta aðgerðaáætlunin um réttindi hinsegin fólks væri í vinnslu. Ísland hafi aukið fjárframlög til helstu samtaka hinsegin fólks til að auka þjónustu við jaðarsetta einstaklinga, með áherslu á eldra fólk og fólk sem hefur sótt um alþjóðlega vernd.
120. Ísland væri áfram fyllilega staðráðið í að fylgja eftir tilmælum í kjölfar reglubundinnar allsherjarúttektar og hafa borgaraleg samtök og aðra hagsmunaaðila með í eftirfylgni ferlinu. Ísland skýrði frá því að það myndi leggja fram skýrslu á miðju tímabilinu að eigin frumkvæði.

## II. Niðurstöður og/eða tilmæli

121. Ísland mun fara yfir eftirfarandi tilmæli og veita svör tímanlega en eigi síðar en 50. þing Mannréttindaráðsins.

121.1 Stuðla að tafarlausri fullgildingu alþjóðasamningsins um vernd allra manna gegn mannhvörfum af mannavöldum og samnings Alþjóðavinnuárástofnunarinnar (nr. 189) frá 2011 um þjónustufólk á heimilum og samning (nr. 190) frá 2019 um aðgerðir gegn ofbeldi og áreitni (Úrúgvæ).

121.2 Íhuga fullgildingu alþjóðasamningsins um vernd allra manna gegn mannhvörfum af mannavöldum ásamt valfrjálsri bókun við samning um réttindi barnsins um sjálfstæða kæruleið (Belgía).

121.3 Fullgilda alþjóðasamninginn um vernd allra manna gegn mannhvörfum af mannavöldum, sem undirritaður var í október árið 2008, ásamt valfrjálsri bókun við samninginn gegn pyndingum, sem undirritaður var í september 2003 (Frakkland).

121.4 Fullgilda valfrjálsa bókun við samninginn um réttindi fatlaðs fólks og alþjóðasamninginn um vernd réttinda allra farandlaunþega og fjölskyldumeðlima þeirra í því skyni að berjast gegn kerfisbundinni mismunun þeir verða fyrir (Bólívarska lýðveldið Venesúela).

121.5 Herða viðleitni til að fullgilda valfrjálsa bókun við samninginn um réttindi barnsins um sjálfstæða kæruleið og alþjóðasamninginn um vernd allra manna gegn mannhvörfum af mannavöldum (Albanía).

121.6 Gerast aðili að alþjóðlegum mannréttindasamningum sem það er ekki aðili að, þ. á m. samningnum um réttindi barnsins og alþjóðasamningnum um efnahagsleg, félagsleg og menningarleg réttindi (Líbía).

121.7 Fullgilda alþjóðasamninginn um vernd allra manna gegn mannhvörfum af mannavöldum (Argentína); fullgilda alþjóðasamninginn um vernd allra manna gegn mannhvörfum af mannavöldum eins snemma og unnt er (Japan).

121.8 Flýta fullgildingu alþjóðasamningsins um vernd allra manna gegn mannhvörfum af mannavöldum (Mexíkó) (Mongólía).

121.9 Halda áfram vinnu við fullgildingu alþjóðasamningsins um vernd allra manna gegn mannhvörfum af mannavöldum (Vietnam).

121.10 Ljúka ferlinu við að fullgilda alþjóðasamninginn um vernd allra manna gegn mannhvörfum af mannavöldum, sem var undirritaður árið 2008 (Ítalía).

121.11 Fullgilda alþjóðasamninginn um vernd allra manna gegn mannhvörfum af mannavöldum og jafnframt halda áfram viðleitni til að bæta umönnun við fötluð börn (Grikkland).

121.12 Fullgilda alþjóðasamninginn um vernd réttinda allra farandlaunþega og fjölskyldumeðlima þeirra (Bangladess) (Tyrkland) (Fiji) (Filippseyjar).

121.13 Gerast aðili að alþjóðasamningnum um vernd réttinda allra farandlaunþega og fjölskyldumeðlima þeirra (Aserbaísjan).

121.14 Hefjast handa við að fullgilda alþjóðasamninginn um vernd réttinda allra farandlaunþega og fjölskyldumeðlima þeirra (Tógó).

121.15 Undirrita og fullgilda alþjóðasamninginn um vernd réttinda allra farandlaunþega og fjölskyldumeðlima þeirra (Egyptaland).

- 121.16 Taka til athugunar að gerast aðili að alþjóðasamningnum um vernd réttinda allra farandlaunþega og fjölskyldumeðlima þeirra (Indónesía).
- 121.17 Fullgilda valfrjálsa bókun við alþjóðasamninginn um efnahagsleg, félagsleg og menningarleg réttindi (Kýpur) (Portúgal) (Slóvakía).
- 121.18 Fullgilda valfrjálsa bókun við samninginn um réttindi barnsins um sjálfstæða kæruleið (Króatía) (Kýpur) (Maldívur) (Slóvakía).
- 121.19 Hlíta valfrjálsu bókuninni við samninginn um réttindi barnsins um sjálfstæða kæruleið (Ítalía).
- 121.20 Flýta fullgildingu valfrjálsrar bókunar við samninginn um réttindi barnsins um sjálfstæða kæruleið í samræmi við nýlega skuldbindingu sem samþykkt var á Alþingi (Írland).
- 121.21 Fullgilda valfrjálsa bókun við samninginn um réttindi fatlaðs fólks (Ástralía) (Kosta Ríka) (Kýpur) (Litáen) (Slóvakía) (Namibía).
- 121.22 Íhuga að fullgilda valfrjálsa bókun við samninginn um réttindi fatlaðs fólks (Malta) (Víetnam).
- 121.23 Fullgilda valfrjálsa bókun við samninginn um réttindi fatlaðs fólks og setja fram áætlanir til að berjast gegn mismunun og ofbeldi gegn fötludu fólki (Mexíkó).
- 121.24 Afturkalla alla fyrirvara við alþjóðasamninginn um borgaraleg og stjórnámáleg réttindi (Namibía).
- 121.25 Fullgilda alþjóðasamninginn um að stöðva og refsa fyrir glæpinn sem felst í kynþáttaaðskilnaði (apartheid) (Íslamska lýðveldið Íran).
- 121.26 Fullgilda samninginn um réttarstöðu ríkisfangslausra manna og samninginn um að draga úr ríkisfangsleysi (Tógó).
- 121.27 Undirrita yfirlýsinguna um aðgerðir í þágu barna, ungmenna og loftslagsmála, draga úr allri notkun jarðefnaeldsneytis og halda áfram umskiptum yfir í endurnýjanlega orku, og tryggja að framkvæmdin samræmist mannréttindum (Panama).
- 121.28 Fullgilda samning Evrópuráðsins um forvarnir og baráttu gegn ofbeldi á konum og heimilisofbeldi (Istanbúl-samningurinn) (Argentína).
- 121.29 Tryggja opið ferli byggt á verðleikum þegar innlendir frambjóðendur vegna kjörs í sérfræðinganefndir vegna samninga Sameinuðu þjóðanna eru valdir (Sameinaða konungsríkið Stóra-Bretland og Norður-Írland).
- 121.30 Halda áfram uppbyggilegum samskiptum við mannréttindakerfi Sameinuðu þjóðanna, þ. á m. Mannréttindastofnun Sameinuðu þjóðanna (Úsbekistan).
- 121.31 Taka til athugunar að innleiða útistandandi tilmæli frá fyrra úttektartímabili (Sambandslýðveldið Tansanía).
- 121.32 Miðla á alþjóðlegum vettvangi góðum starfsvenjum varðandi jöfn laun fyrir jafnverðmæt störf og veita þróunarlöndum tæknilega aðstoð við að fylgja sams konar kerfi (Kosta Ríka).
- 121.33 Gera þjóðlegan eða þjóðernislegan uppruna að mismununarástæðu í viðeigandi löggjöf með það í huga að veita viðkvæmum hópum víðtæka vernd (Aserbaísjan).
- 121.34 Halda áfram að semja, samþykkja og innleiða víðtæka löggjöf gegn mismunun (Barbados).
- 121.35 Gera skilvirkar laga- og stjórnsýsluráðstafanir til að berjast gegn kynþáttamismunun (Kína).

- 121.36 Leggja mat á endurbætur á hegningarlögum þannig að kynþáttafordómar teljist auka saknæmi og leiði til refsipýngingar vegna brota (Perú).
- 121.37 Kynþáttafordómar verði taldir auka saknæmi og leiða til refsipýngingar í íslenskum hegningarlögum og réttarfari, í ljósi aukinnar hatursorðræðu (Spánn).
- 121.38 Endurskoða löggjöf til að útrýma öllum tegundum kynþáttamismununar (Sýrlenska arabalýðveldið).
- 121.39 Setja lagaákvæði sem kveður á um sérstaklega að kynþáttafordómar auki saknæmi og leiði til refsipýngingar (Sameinaða konungsríkið Stóra-Bretland og Norður-Írland).
- 121.40 Íhuga breytingar á almennum hegningarlögum þannig að kynþáttafordómar að baki broti teljist auka saknæmi og leiða til refsipýngingar (Albanía).
- 121.41 Taka upp í almenn hegningarlög að þjóðlegur eða þjóðernislegur uppruni geti talist mismununarástæða (Filippseyjar).
- 121.42 Flokka kynþáttafordóma sem ástæðu sem eykur saknæmi og leiðir til refsipýngingar vegna brots (Bólvívarska lýðveldið Venesúela).
- 121.43 Endurskoða ákvæði almennra hegningarlaga sem fjalla um brot þar sem kynþáttafordómar eru hvatinn (Tyrkland).
- 121.44 Breyta almennum hegningarlögum svo þjóðlegur uppruni, þjóðernislegur uppruni og trú verði mismununarástæður í samræmi við alþjóðasamninginn um afnám alls kynþáttamisréttis (Pakistan).
- 121.45 Láta vernd hatursorðræðulaga taka sérstaklega til brota gegn hinsegin einstaklingum á grundvelli kynhneigðar eða kynvitundar (Bandaríki Ameríku).
- 121.46 Berjast gegn kynþáttamismunun, þ. á m. hatursglæpum þar sem kynþáttahatur er kveikjan með því að breyta innlendum lögum og tryggja skilvirka rannsókn og saksókn allra slíkra mála og að gerendur séu látnir sæta ábyrgð (Pakistan).
- 121.47 Útvíkka löginn um jafna meðferð sem einnig ættu að ná yfir mismununarástæður á borð við trú, fötlun, aldur, kynhneigð og kynvitund (Slóvenía).
- 121.48 Taka samninginn um réttindi fatlaðs fólks upp í innlenda löggjöf með því að gera breytingar á viðeigandi lögum og færa löggjöf sína til samræmis við samninginn (Íslamska lýðveldið Íran).
- 121.49 Efna til öflugs samráðs við trúarhópa og borgaralegt samfélag þegar lög og stefnur sem geta haft áhrif á trúarhætti eru mótaðar (Bandaríki Ameríku).
- 121.50 Gera breytingar á kosningakerfinu í samræmi við tilmæli lýðræðis- og mannréttindaskrifstofu Öryggis- og samvinnustofnunar Evrópu (Belarús).
- 121.51 Stuðla að gerð fjölmiðlaefnis sem endurspeglar fjölhyggju í meira mæli í því skyni að styrkja lýðræðisleg skoðanaskipti (Danmörk).
- 121.52 Leitast áfram við að vernda mannréttindi (Níger).
- 121.53 Huga að gerð innlendar mannréttindaáætlunar (Litáen).
- 121.54 Vinna að þróun og samþykkt viðtækrar aðgerðaáætlunar um mannréttindi til að auka festu við framkvæmd tengdra stefna og áætlana (Armenía).
- 121.55 Gera frekari ráðstafanir til að tryggja samþykkt viðtækrar innlendar mannréttindaáætlunar (Georgía).



- 121.56 Stofna innlenda mannréttindastofnun í samræmi við Parísarviðmiðin (Bólívarska lýðveldið Venesúela) (Líbanon) (Ástralía) (Slóvenía) (Mongólía).
- 121.57 Stofna sjálfstæða innlenda mannréttindastofnun í samræmi við Parísarviðmiðin (Katar) (Senegal).
- 121.58 Stofna innlenda mannréttindastofnun og tryggja að hún sé í samræmi við Parísarviðmiðin og gæta þess að hún sé fyllilega sjálfstæð (Egyptaland).
- 121.59 Stofna innlenda mannréttindastofnun í samræmi við Parísarviðmiðin í framhaldi af yfirlýsingu þess efnis af hálfu íslenskra stjórnvalda (Þýskaland).
- 121.60 Stofna innlenda mannréttindastofnun með víðtækt umboð til verndar mannréttindum, þ. á m. þeirra sem tilheyra þjóðernislegum eða trúarlegum minnihluta og eru úr hópi innflytjenda (Aserbaísjan).
- 121.61 Stofna innlenda mannréttindastofnun með nægilegt bolmagn til að sinna verkefnum sínum og í samræmi við Parísarviðmiðin (Kosta Ríka).
- 121.62 Stofna innlenda mannréttindastofnun og byggja á fyrri viðleitni stjórnvalda hvað það varðar (Írland).
- 121.63 Stofna sjálfstæða innlenda mannréttindastofnun með víðtækt umboð til að efla og vernda mannréttindi (Máritíus).
- 121.64 Stofna innlenda mannréttindastofnun eins fljótt og hægt er og nýta jafnframt fyrirliggjandi kunnáttu og sérfræðiþekkingu (Holland).
- 121.65 Stofna innlenda mannréttindastofnun í samræmi við tilmælin frá öðru úttektartímabili reglubundnu allsherjarúttektarinnar (Tyrkland).
- 121.66 Stofna innlenda mannréttindastofnun (Argentína).
- 121.67 Setja upp innlenda mannréttindastofnun í samræmi við Parísarviðmiðin (Níger).
- 121.68 Setja upp sjálfstæða innlenda mannréttindastofnun með lárétt umboð og nauðsynlegt bolmagn til að gera henni kleift að efla og vernda mannréttindi í samræmi við Parísarviðmiðin (Lúxemborg).
- 121.69 Setja upp innlenda mannréttindastofnun með fullt stofnanalegt sjálfstæði og skilvirkar starfsaðferðir (Rússneska sambandsríkið).
- 121.70 Huga að stofnun sjálfstæðrar innlendar mannréttindastofnunar í samræmi við Parísarviðmiðin (Indland) (Nepal).
- 121.71 Huga að stofnun sjálfstæðrar innlendar mannréttindanefndar og nýta reynslu Mannréttindaskrifstofu Íslands (Alsír).
- 121.72 Huga að stofnun sjálfstæðrar innlendar mannréttindastofnunar með víðtækt umboð og í samræmi við Parísarviðmiðin (Frakkland).
- 121.73 Huga að stofnun sjálfstæðrar innlendar mannréttindastofnunar með nægilegan mannauð og fjármagn til að rækja umboð sitt (Pólland).
- 121.74 Hraða stofnun sjálfstæðrar innlendar mannréttindastofnunar í samræmi við Parísarviðmiðin (Mexíkó) (Úkraína).
- 121.75 Efla viðleitni til að stofna sjálfstæða innlenda mannréttindastofnun í samræmi við Parísarviðmiðin (Georgía); efla vinnu við stofnun sjálfstæðrar innlendar mannréttindastofnunar í samræmi við Parísarviðmiðin (Svartfjallaland); halda áfram viðleitni til að stofna sjálfstæða innlenda mannréttindastofnun (Pakistan); halda áfram viðleitni



sem miðar að stofnun sjálfstæðrar innlendar mannréttindastofnunar í samræmi við Parísarviðmiðin (Írak).

121.76 Gera ráðstafanir sem miða að því að stofna sjálfstæða innlenda mannréttindastofnun í samræmi við Parísarviðmiðin (Bangladess).

121.77 Gera ráðstafanir til að stofna innlenda mannréttindastofnun sem er í samræmi við Parísarviðmiðin, sem mun styrkja framkvæmd tengdra stefna og áætlana og nýta bolmagn fyrirbyggjandi systurstofnana á sviði mannréttinda á Íslandi (Kanada).

121.78 Miða áfram vinnu við stofnun innlendar mannréttindastofnunar í samræmi við Parísarviðmiðin með umboð til að efla og vernda mannréttindi (Chile).

121.79 Hraða þeirri viðleitni að stofna innlenda mannréttindastofnun, tryggja fjárhagslegt sjálfræði hennar og fullt stofnanalegt sjálfstæði til að sinna ábyrgðarsviði sínu og hlutverki (Dóminíka).

121.80 Hérða nauðsynlegt ferli innanlands til að stofna innlenda mannréttindastofnun í samræmi við viðeigandi Parísarviðmið (Grikkland).

121.81 Hraða ferlinu við stofnun sjálfstæðrar innlendar mannréttindastofnunar í samræmi við Parísarviðmiðin (Djibútí).

121.82 Hraða stofnun sjálfstæðrar innlendar mannréttindastofnunar með víðtækt umboð og í samræmi við Parísarviðmiðin (Ekvador).

121.83 Gera frekari ráðstafanir sem miða að því að stofna innlenda mannréttindastofnun sem er í fullu samræmi við Parísarviðmiðin, með mögulegu tvíhliða og alþjóðlegu samstarfi (Indónesía).

121.84 Vinna að stofnun sjálfstæðrar innlendar stofnunar sem fæst við eflingu og vernd mannréttinda og tryggja henni nauðsynlegt bolmagn (Jórdanía).

121.85 Vinna að markmiðinu um stofnun sjálfstæðrar innlendar mannréttindastofnunar í samræmi við Parísarviðmiðin (Malasía).

121.86 Gera markvissar aðgerðir til að stofna innlenda mannréttindastofnun sem er í fullu samræmi við Parísarviðmiðin (Filippseyjar).

121.87 Ljúka ferlinu við stofnun innlendar mannréttindastofnunar á grundvelli Parísarviðmiðanna og samþykkt víðtækrar innlendar mannréttindaáætlunar (Portúgal).

121.88 Láta verða af stofnun fjárhagslega sjálfstæðrar og að fullu stofnanalega sjálfstæðrar innlendar mannréttindastofnunar sem er fær um að rækja ábyrgðarhlutverk og starf sitt af skilvirkni (Tógó).

121.89 Halda áfram viðleitni til huga að stofnun innlendar mannréttindastofnunar innan ramma vinnuhópsins sem var stofnaður í þessum tilgangi (Túnis).

121.90 Endurbæta stýrihóp Stjórnarráðsins um mannréttindi svo hann sé í fullu samræmi við Parísarviðmiðin og öll mannréttindamál falli innan verksviðs hans (Litáen).

121.91 Setja lagaramma svo Mannréttindaskrifstofa Íslands uppfylli Parísarviðmiðin (Slóvakía).

121.92 Halda áfram viðleitni til að berjast gegn mismunun, kynþáttafordómum og hatursorðræðu (Alsír).

121.93 Berjast gegn hatursorðræðu á vettvangi almennra fjölmiðla og samfélagsmiðla (Írak).

121.94 Halda áfram viðleitni til að berjast gegn hatursorðræðu, einkum ef hún beinist gegn þjóðernis- og trúarhópum og útlendingum sem aðhyllast íslamstrú (Perú).

121.95 Halda áfram ráðstöfunum til að útrýma hatursorðræðu og staðalímyndum, eins og ráðgert er í innlendum áætlunum um baráttu gegn kynþáttafordómum, hliðstæðum birtingarmyndum óvildar og hatursglæpum (Dóminíka).

121.96 Gera allar ráðstafanir til að fyrirbyggja hatursorðræðu og allar birtingarmyndir mismununar, einkum á grundvelli kynþáttar, litarhafts, trúar og kyns (Líbía).

121.97 Tryggja aðgengi að skilvirkum úrræðum gegn hvers konar birtingarmyndum mismununar til að vernda viðkvæma hópa gegn hatursorðræðu og öðrum hatursglæpum (Barein).

121.98 Efla ráðstafanir til að berjast gegn öllum birtingarmyndum mismununar, einkum kynþáttafordómum, með sérstakri áherslu á baráttu gegn hatursorðræðu og orðræðu sem litast af kynþáttafordómum og útlendingahatri (Djibútí).

121.99 Stórauka viðleitni til að berjast gegn kynþáttafordómum og hatursglæpum sem eru af þjóðernislegum og trúarlegum hvötum og tryggja að þeir séu rannsakaðir af skilvirkni og viðeigandi leiðir til málsóknar og úrbóta standi öllum þöndum til boða (Katar).

121.100 Styrkja löggjöf um hatursorðræðu og -glæpi á grundvelli kynþáttafordóma, efla viðleitni til að fyrirbyggja útbreiðslu slíkra athafna og tryggja að þessir glæpir séu rannsakaðir ítarlega, gerendum refsað og þöndur eigi kost á skilvirkum úrræðum (Lýðveldið Kórea).

121.101 Styrkja framkvæmd tveggja laga gegn mismunun frá 2018, eða um jafna meðferð án tillits til kynþáttar og þjóðernis og jafna meðferð á vinnumarkaði (Slóvakía).

121.102 Taka upp ákvæði í refsilögum sem herða refsingar fyrir kynþáttafordómafulla umræðu (Rússneska sambandsríkið).

121.103 Efla ráðstafanir gegn kynþáttafordómafullri umræðu (Tyrkland).

121.104 Gera áþreifanlegar ráðstafanir til að berjast gegn kynþáttafordómafullri umræðu og tengdum brotum (Sýrlenska arabalýðveldið).

121.105 Efla upplýsingaherferðir gagnvart almenningi til að auka vitund um baráttu gegn kynþáttafordómafullri hatursorðræðu (Filippseyjar).

121.106 Gera skilvirkar ráðstafanir til að útrýma hatursorðræðu og útbreiðslu staðalímynda á grundvelli kynþáttar eða yfirburða af hálfu stjórnvaldaafra og fjölmiðla (Kúba).

121.107 Taka upp skilvirkt fyrirkomulag til að berjast gegn kynþáttafordómum, hatursorðræðu og útlendingahatri og efla umburðarlyndi alls staðar í samfélaginu (Bangladess).

121.108 Auðvelda núverandi mannréttindaverndarkerfum að taka við kvörtunum vegna mismununar þar til innlend stofnun hefur verið sett á laggirnar á Íslandi (Kanada).

121.109 Efla viðleitni til að berjast gegn öllum tegundum kynþáttamismununar og hatursorðræðu og tryggja að kynþáttamismunun og -glæpir séu tilkynntir og gerendur látnir sæta ábyrgð (Jórdanía).

121.110 Gera ráðstafanir til að tryggja fulla og skilvirka beitingu fyrirliggjandi löggjafar sem bannar mismunun á grundvelli kynþáttar (Senegal).

121.111 Halda áfram viðleitni til að berjast gegn kynþáttamismunun (Líbanon).

121.112 Þróa alhliða stefnu- og aðgerðaáætlun til að útrýma hvers konar mismunun á grundvelli kyns, trúar og kynvitundar, og tryggja að meðferð allra



121.113 Vinna innlenda aðgerðaáætlun um baráttu gegn öllum birtingarmyndum kynþáttafordóma, útlendingahaturs og haturs á þeim sem iðka íslamstrú (Egyptaland).

121.114 Halda áfram fyrirbyggjandi viðleitni til að tryggja fullt kynjajafnrétti á sviði menntunar og á vinnumarkaði og deila bestu starfsvenjum á þessu sviði (Vítanam).

121.115 Standa fyrir vitundarherferðum og gera ráðstafanir til að berjast gegn kynbundnum staðalímyndum og ójöfnuði milli karla og kvenna (Kosta Ríka).

121.116 Efna til vitundarvakningarherferða til að útrýma kynbundnum staðalímyndum og tryggja að þátttaka karla og drengja sé nýtt sem mikilvægt verkfæri til að auka kynjajafnrétti (Eistland).

121.117 Gera virkar og sjálfbærar ráðstafanir til að berjast gegn neikvæðum áhrifum loftslagsbreytinga, einkum súrnun sjávar (Haítí).

121.118 Taka réttinn til öruggs umhverfis upp í stjórnarskrá og löggjöf (Kosta Ríka).

121.119 Halda áfram að efla viðleitni til að þróa og styrkja nauðsynlega lagaramma sem taka á umhverfisáskorunum þvert á geira, þ. á m. loftslagsbreytingar og ramma fyrir forvarnir gegn náttúruvá (Fíji).

121.120 Koma í framkvæmd skuldbindingunni sem gefin var á Nairóbí fundinum um að fjárfesta í framkvæmd aðgerðaáætlunar alþjóðaráðstefnunnar um mannfjölda og þróun með því að styrkja virkar aðgerðir, bæði innanlands og alþjóðlega, í tengslum við áætlun Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun til ársins 2030 (Panama).

121.121 Halda áfram ráðstöfunum til þess að efla velferð íbúanna (Sambandslýðveldið Tansanía).

121.122 Uppfylla markmiðið um að 0,7 prósent af vergum þjóðartekjum sé ráðstafað til opinberrar þróunaraðstoðar (Bangladess).

121.123 Halda áfram gera ráðstafanir til að auka framlög til þróunaraðstoðar með það í huga að ná alþjóðlega samþykktum viðmiðunarmörkum um 0,7 prósent af vergum þjóðartekjum ásamt áherslu á uppbyggingu á getu og viðnámsþrótti (Haítí).

121.124 Gera virkar ráðstafanir til að láta af fylgni við einhliða þvingunarráðstafanir sem eru ólöglegar og andstæðar alþjóðalögum og alþjóðlegum mannréttindum (Íslamska lýðveldið Íran).

121.125 Ljúka vinnu við aðgerðaáætlun Íslands um viðskipti og mannréttindi í samræmi við leiðbeinandi meginreglur Sameinuðu þjóðanna um viðskipti og mannréttindi með það að markmiði að efla virðingu fyrir mannréttindum í viðskiptum (Japan).

121.126 Halda áfram að gera ráðstafanir til að vinna innlenda aðgerðaáætlun um viðskipti og mannréttindi (Malasía).

121.127 Efla yfirsýn yfir fyrirtæki sem starfa erlendis með tilliti til hvers kyns neikvæðra áhrifa af starfsemi þeirra á mannréttindi, einkum á átakasvæðum, sem m.a. á við aðstæður þar sem um er að ræða erlent hernám og aukna hættu á mannréttindabrotum (Palestínuríki).

121.128 Efla forvarnir gegn nýjum tegundum ofbeldis, s.s. áreitni á netinu (Litáen).

121.129 Tryggja að varðhaldsaðstæður á stöðum þar sem frelsissviptir dvelja séu í samræmi við alþjóðlega staðla, m.a. með því að forðast óhóflega beitingu einangrunarvistar (Belarús).

121.130 Tryggja að sjálfstæðir og óháðir aðilar rannsaki allar áskanir um pyndingar og illa meðferð (Egyptaland).



- 121.131 Hvetja til rannsókna á kvörtunum frá frelsissviptum einstaklingum og byggja upp vitundarvakningar- og fræðsluherferðir fyrir lögreglumenn (Spánn).
- 121.132 Tryggja að meginreglan um bann við endursendingu sé tryggð í lögum og framkvæmd (Afganistan).
- 121.133 Tryggja að dómstólar beiti nýrri löggjöf um uppljóstrara af staðfestu til að fyrirbyggja tilraunir einstaklinga til að þvinga blaðamenn og uppljóstrara með hótunum (Þýskaland).
- 121.134 Tryggja sjálfstæði, óhlutdrægni, kynningu og gagnsæi í skipunarferli dómara til að vernda borgaraleg og stjórnómálaglegt réttindi (Marshall-eyjar).
- 121.135 Samþykkja skilvirkari ráðstafanir til að koma í veg fyrir mansal sem felst í misnotkun á vinnuafli og skilgreina í lögum starfshætti sem eru sambærilegir þrælahaldi og ánauð sem tegundir misnotkunar (Bólívarska lýðveldið Venesúela).
- 121.136 Fjármagna allar aðgerðir til baráttu gegn mansali og gefa út alhliða aðgerðaáætlun, þ. á m. vitundarvakningu, forvarnir og ráðstafanir til að takast á við kerfislægar aðstæður sem gera mansal mögulegt og viðhalda því (Ástralía).
- 121.137 Herða viðleitni til að berjast gegn mansali, einkum í formi kynferðislegrar misnotkunar og misnotkunar á vinnuafli, og bæta framkvæmd laga til að tryggja að refsing fyrir þessa glæpi sé óhjákvæmileg og skilvirka saksókn gerenda (Belarús).
- 121.138 Samþykkja og innleiða víðtæka aðgerðaáætlun um baráttu gegn mansali til stuðnings áherslum stjórnvalda árið 2019 um baráttu gegn mansali og öðrum tegundum misnotkunar (Kanada).
- 121.139 Huga að því að efna til vitundarvakningarherferða sem beinast að því að fyrirbyggja mansal og beina upplýsingum um réttindi og tiltæk úrræði að viðkvæmustu hópum samfélagsins (Chile).
- 121.140 Berjast gegn mansali af skilvirkni og koma lögum yfir þá sem bera ábyrgðina (Kína).
- 121.141 Gera frekari ráðstafanir til að bæta saksókn gagnvart gerendum mansalsbrota og tryggja viðeigandi vernd og aðstoð fyrir þolendur (Króatía).
- 121.142 Tryggja stöðuga þróun og framkvæmd laga um mansal á konum og stúlkum í kynferðislegum tilgangi eða í formi misnotkunar á vinnuafli og glæpastarfsemi (Lýðveldið Kórea).
- 121.143 Halda áfram að úthluta nauðsynlegum mannaúði, tækniúrræðum og fjármagni til að innleiða stefnur og verklag á skilvirkan hátt til að berjast gegn mansali með áherslu á mansal á konum og börnum (Fíji).
- 121.144 Halda áfram viðleitni til að bera kennsl á þolendur mansals í kynferðislegum tilgangi og í formi misnotkunar á vinnuafli og tryggja viðunandi vernd og aðstoð við slíka þolendur (Georgía).
- 121.145 Halda áfram yfirstandandi viðleitni til að fyrirbyggja mansal (Ítalía).
- 121.146 Halda áfram viðleitni sem miðar að baráttu gegn mansali og réttlátri meðferð þolenda (Jórdanía).
- 121.147 Halda áfram viðleitni til að berjast gegn mansali og misnotkun á vinnuafli (Mexíkó).
- 121.148 Halda áfram viðleitni sem hefur verið gerð til að berjast gegn mansali og öllum öðrum tegundum misnotkunar (Túnís).

- 121.149 Halda áfram viðleitni að berjast gegn mansali og kynbundnu ofbeldi (Nepal).
- 121.150 Gera frekari ráðstafanir til að taka á mansali með því að útbúa alhliða aðgerðaáætlun og með því að veita viðbótarfjármagni til baráttu gegn mansali (Nýja-Sjáland).
- 121.151 Halda áfram allri viðleitni til að berjast gegn mansali og til að vernda réttindi þolenda mansals (Nígíría).
- 121.152 Efla viðleitni til að berjast gegn mansali og veita nauðsynlega vernd og aðstoð við þolendur (Katar).
- 121.153 Halda áfram viðleitni til þess að bera kennsl á þolendur mansals í kynferðislegum tilgangi og í formi misnotkunar á vinnuafli, þ. á m. á börnum, og tryggja að þolendur og þeir sem hafa losnað undan mansali fái viðeigandi vernd, aðstoð og bætur, með tilliti til kynjasjónarmiða (Panama).
- 121.154 Gangast fyrir vitundarvakningarherferðum í einkageiranum til að fyrirbyggja og taka á mismunun og hagnýtingu á grundvelli kynþáttar, einkum gagnvart erlendu starfsfólki (Filippseyjar).
- 121.155 Gera frekari ráðstafanir til að fyrirbyggja mansal í því skyni að misnota vinnuafli og fella þrælahald, aðferðir sem líkjast þrælahaldi og ánauð undir þær tegundir misnotkunar sem heyra undir lagalega skilgreiningu á mansali (Rússneska sambandsríkið).
- 121.156 Bæta ferlið til að bera kennsl á þolendur mansals og auka viðleitni til að veita þolendum meiri aðstoð og veita nægilegt fjármagn til ráðstafana til að berjast gegn mansali (Rússneska sambandsríkið).
- 121.157 Samþykkja viðtæka áætlun til að berjast gegn kynferðislegri áreitni og misnotkun á vinnustað (Sýrlenska arabalýðveldið).
- 121.158 Halda áfram viðleitni til að tryggja skilvirka rannsókn og saksókn gagnvart öllum einstaklingum sem stunda mansal á einstaklingum og veita þolendum af öllu þjóðerni vernd og aðstoð (Taíland).
- 121.159 Styrkja frekar viðleitni til að sporna gegn og fyrirbyggja mansal á einstaklingum, þ. á m. eftir því sem við á, saksækja þá sem stunda mansal (Bandaríki Ameríku).
- 121.160 Byggja á lögum gegn þrælahaldi frá 2021 með því að auka þjálfun lögreglu, ákærvalds og dómara í rannsókn og saksókn gerenda sem hafa framið brot sem felast í nútímaþrælahaldi (Sameinaða konungsríkið Stóra-Bretland og Norður-Írland).
- 121.161 Gera ráðstafanir til að draga úr eftirspurn eftir vændi í landinu og fyrirbyggja að ólögráða börn og einstaklingar í viðkvæmri stöðu sem eru í hópi innflytjenda eigi hlut að máli (Belarús).
- 121.162 Gefa út tímabundin atvinnuréttindi fyrir tiltekna tegund vinnu, í stað þess að tengja þau við vinnuveitandann sem gerir viðkomandi starfsmenn berskjaldaðri gagnvart misnotkun og brotum, eins og áður hefur verið mælt til (Lúxemborg).
- 121.163 Stuðla að stefnumótun til að styðja við fjölskylduna sem náttúrulega grundvallareiningu í samfélaginu (Egyptaland).
- 121.164 Tryggja jöfn tækifæri fyrir konur á vinnumarkaði, m.a. með samþykkt ráðstafana sem samræmast meginreglunni um sömu laun fyrir jafnverðmæt störf (Kúba).
- 121.165 Gera skilvirkar ráðstafanir til að draga úr háu hlutfalli atvinnuleysis meðal einstaklinga sem tilheyra þjóðernisminnihlutum og hópum innflytjenda (Katar).

- 121.166 Gera ráðstafanir til að draga úr óhóflegu atvinnuleysi einstaklinga sem tilheyra þjóðernisminnihlutum og hópum innflytjenda og tryggja þeim mannsæmandi atvinnu við sambærileg skilyrði (Kúba).
- 121.167 Samþykkja aðgerðir til að draga úr atvinnuleysi meðal einstaklinga sem tilheyra þjóðernisminnihlutum og hópum innflytjenda og afkomenda þeirra (Ekvador).
- 121.168 Tryggja samfellu og skilvirkni í framkvæmd laga um jafna meðferð á vinnumarkaði og standa fyrir vitundarvakningu meðal vinnuveitenda til að koma í veg fyrir kynþáttamismunun á vinnumarkaði (Palestína).
- 121.169 Huga að samþykkt laga til að fyrirbyggja mismunun gegn fötluðu fólki á sviði atvinnu (Búlgaría).
- 121.170 Veita réttindum hópa í viðkvæmri stöðu virka vernd á sviði húsnæðis, menntunar, læknishjálpar, atvinnu, o.s.frv. (Kína).
- 121.171 Halda áfram viðleitni til að tryggja að allir eftirlaunaþegar og fatlað fólk geti notið fullnægjandi lífskjara, bæði með því að veita fullnægjandi almannatryggingabætur og lífeyri, og með atvinnutækifærum (Slóvenía).
- 121.172 Halda áfram að gera ráðstafanir til að tryggja fötluðu fólki viðunandi lífskjör (Indland).
- 121.173 Halda áfram viðleitni til að tryggja að allir eftirlaunaþegar og fatlað fólk geti notið viðunandi lífskjara, bæði með því að veita fullnægjandi almannatryggingabætur og lífeyri, og með atvinnutækifærum (Pólland).
- 121.174 Innleiða mannréttindatengda geðheilbrigðisstefnu í samræmi við samninginn um réttindi fatlaðs fólks og veita geðheilbrigðisþjónustu í samfélaginu með það fyrir augum að útrýma fordómum, mismunun og þvingunum á sviði geðheilbrigðis (Portúgal).
- 121.175 Innleiða frekari ráðstafanir til að tryggja jafnan aðgang að menntun fyrir konur og stúlkur, sem og þjóðernisminnihlutahópa (Úsbekistan).
- 121.176 Tryggja að öll börn flóttamanna og umsækjenda um alþjóðlega vernd njóti réttar til menntunar, einkum framhaldsskólamenntunar (Afganistan).
- 121.177 Efla menntastefnu enn frekar til að tryggja að allir fái jöfn tækifæri til að njóta góðrar kennslu, auka læsi og draga úr brotthvarfi úr framhaldsskólum (Barbados).
- 121.178 Gera ráðstafanir til að auka námstækifæri fyrir fötluð börn og tryggja að fatlað fólk sé skráð í námsbrautir að eigin vali með nægilegum stuðningi til að gera því kleift að ljúka námi (Búlgaría).
- 121.179 Halda áfram að beita aðgerðum til að draga úr brottfalli innflytjenda og annarra nemenda úr framhaldsskólum (Kýpur).
- 121.180 Bæta aðgengi barna innflytjenda að menntun (Ekvador).
- 121.181 Íhuga að gera ráðstafanir til að tryggja gjaldfrjálsa grunn- og framhaldsskólamenntun í að minnsta kosti tólf ár (Frakkland).
- 121.182 Vinna að menntakerfi án aðgreiningar, sérstaklega hvað varðar framboð úrræða fyrir öll börn (Indland).
- 121.183 Gera nauðsynlegar ráðstafanir til að fyrirbyggja að börn umsækjenda um alþjóðlega vernd hætti námi (Íslamska lýðveldið Íran).
- 121.184 Íhuga að lengja tímabil gjaldfrjáls skyldunáms í tólf ár (Líbanon).



121.185 Gera viðeigandi ráðstafanir til að draga úr ójöfnuði sem ríkir í menntakerfinu til að taka á þeim áskorunum sem börn með fötlun og sérþarfir standa frammi fyrir (Maldívur).

121.186 Koma á fræðsluáætlunum fyrir lögreglu, saksóknara og dómara um aðferðir við yfirheyrslur fatlaðra þolenda og aðrar aðgerðir sem nauðsynlegar eru til að tryggja eins sanngjarna og vandaða málsmeðferð og kostur er (Malta).

121.187 Veita að minnsta kosti tólf ára menntun á grunn- og framhaldsskólastigi, eins og UNESCO mælist til (Máritíus).

121.188 Halda áfram viðleitni til að bæta aðgengi barna með innflytjendabakgrunn að framhaldsskólanámi (Svartfjallaland).

121.189 Bæta aðgengi allra barna að góðri menntun án mismununar (Katar).

121.190 Halda áfram viðleitni til að bæta aðgengi barna af erlendum uppruna að framhaldsskólamenntun, m.a. með því að semja innlenda menntaáætlun í því skyni að leiða í ljós ójöfnuð í aðgengi að menntun og þróa lausnir í samráði við þá hópa sem eiga í hlut (Serbía).

121.191 Samþykkja aðgerðir til að vinna gegn brottfalli barna innflytjenda úr námi svo þau aðlagist í sem mestum mæli (Spánn).

121.192 Bæta enn frekar aðgengi kvenna sem verða fyrir heimilisofbeldi og kynbundnu ofbeldi að réttarkerfinu og veita dómurum, lögreglu, saksóknurum og öðru viðeigandi fagfólki þjálfun í að taka á heimilisofbeldi og kynferðisofbeldi (Eistland).

121.193 Tryggja að nægilegt fjármagn sé til staðar fyrir fyrirbyggjandi aðgerðir gegn kynbundnu ofbeldi og kynferðisofbeldi, og til ráðgjafar og stuðnings við þolendur og til þjálfunar fyrir lögreglumenn (Niðurlönd).

121.194 Þjálfva lögreglumenn og saksóknara til að rannsaka og saksækja kynferðisofbeldisglæpi (Sýrlenska arabalýðveldið).

121.195 Koma upp þjálfunaráætlunum fyrir lögreglumenn, saksóknara og dómara um kynferðislegt og kynbundið ofbeldi með það að markmiði að auka hlutfall sakfellinga (Danmörk).

121.196 Veita nægilegu fjármagni til rannsóknar og saksóknar kynferðisglæpa og heimilisofbeldismála og til þjálfunar lögreglumanna, saksóknara og dómara í þessum flokki (Bólívarska lýðveldið Venesúela).

121.197 Efla ráðstafanir til að vernda erlendar konur og konur sem tilheyra minnihlutahópum gegn kynferðislegu og kynbundnu ofbeldi og kynþáttamismunun, þ. á m. heimilisofbeldi, og tryggja að brotapolum sé veitt fullnægjandi lögfræðiaðstoð, læknishjálp og sálfélagsleg aðstoð, án tillits til innflytjendastöðu þeirra (Serbía).

121.198 Auka aðgerðir til að vernda erlendar konur og konur úr minnihlutahópum gegn kynbundnu ofbeldi og tryggja aðgang þeirra að lagalegri, læknisfræðilegri og sálfélagslegri aðstoð, óháð innflytjandastöðu (Perú).

121.199 Gera frekari jákvæðar ráðstafanir varðandi réttindi kvenna, einkum með því að efla getu ríkissaksóknara og lögreglumanna til að rannsaka kynbundið kynferðisofbeldi og með því að samþykkja nýja aðgerðaáætlun gegn kynferðisofbeldi (Þýskaland).

121.200 Bæta aðgengi kvenna sem verða fyrir heimilisofbeldi og kynbundnum kynferðisbrotum að réttarkerfinu og tryggja að þolendur geti tilkynnt atvik og kært án þess að óttast neikvæðar afleiðingar ef þeir tapa fyrir dómi (Finnland).

121.201 Bæta ráðstafanir til að berjast gegn kynbundnu ofbeldi og heimilisofbeldi til að tryggja fullnægjandi rannsókn og saksókn vegna tilkynnta tilfella um misnotkun og brot gegn konum og börnum (Brasilía).

121.202 Herða viðleitni til að tryggja aukinn aðgang kvenna úr minnihlutahópum og innflytjendakvenna að stuðningsþjónustu vegna kynferðislegs og kynbundins ofbeldis (Filippseyjar).

121.203 Styðja aðfluttar konur í ofbeldissamböndum og aðstoða og valdefla þær til að minnka hlutfall aðfluttra kvenna sem leita sér aðstoðar í kvennaathvarfi (Íslamska lýðveldið Íran).

121.204 Halda áfram viðleitni til að koma í veg fyrir og berjast gegn hvers kyns ofbeldi og mismunun gegn konum og styðja jafnrétti kynjanna (Túnis).

121.205 Halda áfram þeirri viðleitni sem þegar hefur verið gerð til að berjast gegn heimilisofbeldi og kynferðisofbeldi í kjölfar framkvæmdar aðgerðaáætlana sem samþykktar voru 2017 og 2019 (Frakkland).

121.206 Tryggja nægilegt fjármagn til rannsókna og saksókna kynferðisbrota og heimilisofbeldis svo réttindi kvenna séu tryggð (Marshallseyjar).

121.207 Stórefla viðleitni til að vernda erlendar konur og konur sem tilheyra minnihlutahópum gegn kynferðisofbeldi og mismunun (Ekvador).

121.208 Auka viðleitni til að koma í veg fyrir ofbeldi gegn konum, einkum auka ráðstafanir til að vernda erlendar konur og konur úr minnihlutahópum gegn kynferðislegu ofbeldi, heimilisofbeldi og kynbundnu ofbeldi og kynþáttamismunun (Chile).

121.209 Halda áfram að veita fullnægjandi fyrirbyggjandi ráðstafanir til að berjast gegn ofbeldi gegn konum, svo og stuðning og ráðgjöf, og halda áfram að veita fórnarlömbum, þ. á m. erlendum konum og konum úr minnihlutahópum, aðgang að réttarkerfinu (Belgía).

121.210 Gera ráðstafanir til að tryggja vernd og aðstoð í ljósi aukinna tilfella kynbundins ofbeldis meðal farandfólks (Spánn).

121.211 Halda áfram að tryggja alhliða innleiðingu á samningnum um réttindi barnsins (Barbados).

121.212 Tryggja farsæla framkvæmd stefnu og aðgerðaáætlunar um Barnvænt Ísland sem miðar að því að innleiða samninginn um réttindi barnsins (Úkraína).

121.213 Halda áfram viðleitni til að tryggja að börn komi að ákvörðunum sem varða þau, sérstaklega í forsjármálum (Búlgaría).

121.214 Tryggja að öll lögbær þjónusta fyrir börn taki áfram þátt í innleiðingu samþættrar stuðningsþjónustu fyrir börn og að lærdómi sé miðlað (Belgía).

121.215 Herða viðleitni til að veita börnum sem verða fyrir líkamlegu og andlegu ofbeldi stuðning, einkum fötluðum börnum, og við að hrinda aðgerðaáætluninni um barnavernd í framkvæmd með skilvirkum hætti (Taíland).

121.216 Efla viðleitni til að tryggja jöfn tækifæri barna, þ. á m. aðgang að menntun, heilbrigðisþjónustu, réttarkerfinu og fjárhagslegum stuðningi (Tímor-Leste).

121.217 Styrkja núverandi stefnu og ráðstafanir á landsvísu til að vernda mannréttindi allra barna sem eru í viðkvæmum aðstæðum, þ. á m. barna sem búa við fátækt, og farandbarna og barna sem eru í leit að alþjóðlegri vernd, og að þau fái næg úrræði, og tryggja að þau njóti góðs af alhliða mati á því sem er barni fyrir bestu (Úrúgvæ).

121.218 Gera skilvirkar ráðstafanir til að berjast gegn mismunun gagnvart fötluðu fólki, sérstaklega einstaklingum með Downs-heilkenni (Íslamska lýðveldið Íran).

121.219 Herða ráðstafanir til að berjast gegn og koma í veg fyrir mismunun gagnvart fötluðu fólki (Malasía).

121.220 Gera tafarlausar og skilvirkar ráðstafanir til að berjast gegn mismunun gegn fötluðu fólki, einkum einstaklingum með Downs-heilkenni, efla almenna vitundarvakningarherferðir til að halda fram réttindum þeirra og veita alhliða stuðning og aðstoð til hlutaðeigandi einstaklinga og fjölskyldna þeirra (Filippseyjar).

121.221 Gera frekari ráðstafanir til að taka á atvinnumálum farandfólks með því að hrinda í framkvæmd aðgerðaáætlun um fólksflutninga (Nýja-Sjáland).

121.222 Styðja og innleiða alþjóðasamþykkt um örugga, skipulagða og reglubundna fólksflutninga (Indónesía).

121.223 Tryggja að réttindum flóttamanna, umsækjenda um alþjóðlega vernd og farandfólks sé að fullu framfylgt og samþykkja aðgerðaáætlun stjórnvalda um fólksflutninga (Finnland).

121.224 Gera frekari ráðstafanir til að draga úr háu hlutfalli atvinnuleysis meðal fólks með innflytjendabakgrunn (Írak).

121.225 Efla viðleitni til að tryggja vernd réttinda farandlaunþega og fjölskyldumeðlima þeirra (Nígería).

121.226 Gera frekari ráðstafanir til að tryggja vernd viðkvæmstu einstaklinganna, þ. á m. farandkvenna og barna (Barein).

121.227 Halda áfram viðleitni sem miðar að því að bæta aðlögun farandbarna að innlendu heilbrigðis- og menntakerfi (Alsír).

121.228 Gera frekari ráðstafanir sem miða að því að taka á atvinnuleysi meðal farandfólks, sem og að bæta aðgengi barna með innflytjendabakgrunn að framhaldsskólanámi (Brasilía).

121.229 Tryggja flóttamönnum skjótan aðgang að grunnþjónustu (Mexíkó).

121.230 Koma á formlegu fyrirkomulagi til að bera kennsl á og ákvarða ríkisfangsleysi, í samræmi við mannréttindaskyldur og -staðla, og hvetja til endurskoðunar laga um ríkisfang þannig að ríkisfangslaus börn sem fædd eru í ríkinu geti átt rétt á að öðlast íslenskt ríkisfang (Úrúgvæ).

122. Allar niðurstöður og/eða tillögur sem er að finna í þessari skýrslu endurspeglar afstöðu þeirra ríkja sem leggja þær fram og/eða þess ríkis sem úttektin tekur til. Ekki ber að túlka þær þannig að vinnuhópurinn í heild hafi samþykkt þær.



## Viðauki

### Skipan sendinefndarinnar

Katrín Jakobsdóttir forsætisráðherra fór fyrir sendinefndinni, sem auk þess var skipuð eftirfarandi nefndarmönnum:

- Bryndís Hlöðversdóttir ráðuneytissjóri, forsætisráðuneytinu (stýrði umræðum).
- Harald Aspelund sendiherra, fastafulltrúi Íslands í fastanefnd Íslands, Genf.
- Ásthildur Knútsdóttir skrifstofustjóri, heilbrigðisráðuneytinu.
- Anna Hjartardóttir skrifstofustjóri, skrifstofu alþjóðapólitískra málefna, utanríkisráðuneytinu.
- Elísabet Gísladóttir lögfræðingur, skrifstofu jafnréttis- og mannréttindamála, forsætisráðuneytinu, formaður stýrihóps Stjórnarráðsins um mannréttindi.
- Ragnheiður Kolsöe sendiráðunautur, fastanefnd Íslands, Genf. Nefndarmenn í stýrihópi Stjórnarráðsins um mannréttindi:
  - Arndís Dögg Arnardóttir, samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu.
  - Áshildur Linnét sérfræðingur, félags- og vinnumarkaðsráðuneytinu.
  - Guðni Olgeirsson sérfræðingur, mennta- og barnamálaráðuneytinu.
  - Guðrún Inga Torfadóttir sérfræðingur, fjármála- og efnahagsráðuneytinu.
  - Helen Inga S. Von Ernst sérfræðingur, utanríkisráðuneytinu.
  - Heiður Margrét Björnsdóttir sérfræðingur, forsætisráðuneytinu.
  - Hildur Sunna Pálmadóttir lögfræðingur, dómsmálaráðuneytinu.
  - María Sæm Bjarkardóttir lögfræðingur, heilbrigðisráðuneytinu.
  - Silja Stefánsdóttir lögfræðingur, félagsmálaráðuneytinu/mennta- og menningarmálaráðuneytinu.
  - Sóldís Rós Símonardóttir, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneytinu.
  - Þ. Auður Ævarr Sveinsdóttir deildarstjóri, umhverfis- og auðlindaráðuneytinu.